



HAFNARFJÖRÐUR

## Krýsuvíkurborg



LÝSING FYRIR DEILISKIPULAG

**dags. 30.11.2018**

---



LANDMÓTUN.

Margrét Ólafsdóttir og Kristín Una Sigurðardóttir

*Hamraborg 12, 200 Kópavogi, sími 575 5300*

## Efnisyfirlit

1. Viðfangsefni og áherslur.....	2
2. Skipulagssvæðið .....	2
3. Forsendur .....	4
3.1. Núverandi landnotkun.....	4
3.2. Fornminjar .....	5
3.3. Náttúruminjar.....	5
4.1. Verklag og tímaáætlun .....	6
4.2. Kynning og samráð .....	6
4. Heimildaskrá .....	7

## Myndaskrá

Mynd 1. Deiliskipulagssvæðið .....	3
Mynd 2. Yfirlitsuppdráttur af Aðalskipulagi Hafnarfjarðar- Krýsuvík 2013-2025.....	4

## 1. Viðfangsefni og áherslur

Hafnarfjörður hefur ákveðið að hefja vinnu við deiliskipulag fyrir Krýsuvíkurborg innan Hafnarfjarðar. Hér er lögð fram skipulagslýsing í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið mun gera grein fyrir göngustígum, áningarstöðum, bílastæðum, almenningssalernum og upplýsingarskiltum. Horft verði til þess hvernig styrkja megi svæðið sem útivistarsvæði og áningarstað ferðamanna. Megin markmið deiliskipulagsins er að marka stefnu um uppbyggingu og vernd svæðisins og vera leiðbeinandi um umhirðu og viðhald þess. Enn fremur er markmiðið að auka öryggi innan svæðisins og draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið vegna ágangs, m.a. með bættum innviðum og stýringu umferðar um svæðið.

## 2. Skipulagssvæðið

Krýsuvíkurborg er innan Reykjanesfólkvangs sem var friðlýstur sem fólkvangur árið 1975. Sveitarfélögin sem standa að honum eru Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Grindavík, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Vogar, en Vogar bættust við árið 2011 með breytingu á auglýsingu nr. 520/1975 um fólkvang á Reykjanesi. Hann er tæplega 30 ha að stærð og er stærsta friðlýsta svæði sinnar tegundar á Íslandi. Fólkvangurinn er á miðju gosbeltinu sem liggur eftir Reykjaneskaga endilöngum og mikið er um jarðhitasvæði og margs konar náttúruminjar innan hans. Eldvirkni innan gosbeltisins hefur verið einna mest í því sunnanverðu og eru þar nokkur háhitasvæði en í þeim er hitastig yfir 200°C á minna en 1000 metra dýpi. Krýsuvíkurborg er vel fallið til fuglaskoðunar og þar er fuglalíf mjög fjölbreytt. Í samantekt um fuglalífið á Krýsuvíkursvæðinu sem unnin var fyrir aðalskipulag svæðisins árið 2000-2024<sup>1</sup> kemur fram að um 34 tegundir fugla verpi árlega á Krýsuvíkursvæðinu og 16 til viðbótar komi þar við ár hvert, en alls höfðu á þessum tíma sést 58 tegundir á svæðinu. Bergið er 50 metra hátt og 6,5 km langt standberg, mótað af úthafsöldunni og það er stærsta fuglabjarg á Reykjaneskaganum. Krýsuvíkurborg hefur verið talið eitt af 64 mikilvægustu fuglasvæðum á Íslandi vegna fuglamergðar.<sup>2</sup>

Reykjanesfólkvangur er hluti af alþjóðlegum samtökum jarðvanga sem nefnast Global Geoparks Network og starfa undir verndarvæng UNESCO (e. Reykjanes UNESCO Global Geopark). Um 100 svæði sem innihalda merkilegar jarðminjar víða um heim eru aðilar að samtökunum, sem vinna að því að koma þeim á framfæri og vekja áhuga íbúa og gesta á jörðinni, jarðfræði og jarðsögu.

Í Umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Hafnarfjörð kemur fram að mikill straumur ferðamanna er til Krýsuvíkur og er hverasvæðið við Seltún aðal viðkomustaðurinn. Krýsuvík eru talin hafa verulegt gildi fyrir ferðaþjónustu á Suðvesturlandi og því þarf að taka tillit til þess við ákvarðanir um nýtingu svæðisins og jarðhitans þar. Þá er svæðið mikilvægt útivistarsvæði fyrir landsmenn alla en helst íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Mikil aukning í fjölda ferðamanna á svæðinu kallar á uppbyggingu til að stýra aðgengi og ágangi á svæðið og hlífa umhverfinu. Heildarstærð deiliskipulagssvæðisins er 114 ha og afmarkar það svæði þar sem umferð ferðamanna er hvað mest og það svæði sem þarfnast mestar uppbyggingar. Mynd 1. sýnir afmörkun deiliskipulagssvæðis

<sup>1</sup> Gunnar Þór Hallgrímsson. 2000. Samantekt um Fuglalíf í Krýsuvík- Unnin fyrir Landmótun ehf.

<sup>2</sup> <http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=03635453507626734644> bls. 164.



**Mynd 1. Deiliskipulagssvæðið.**

Aðkoma að svæðinu er af Suðurstrandarvegi (nr. 427) eftir Hælsvíkurvegi sem er í dag ónúmeraður malarvegur. Krýsuvíkurvegur (nr. 42) er tengivegur frá Hafnarfirði að Suðurstrandarvegi (nr. 427). Aukin umferð um svæðið kallar á uppbyggingu bílastæða, göngustíga, upplýsingaskilta og salerna. Innan deiliskipulagssvæðisins er ætlað að gera ráð fyrir ca. 40 nýjum bílastæðum og 5 rútustæðum. Gera á nýjar gönguleiðir og laga og endurbæta þær sem fyrir eru. Leggja á áherslu á aðgengi fyrir alla að hluta svæðisins þar sem stígar verða skilgreindir nægilega breiðir fyrir hjólastóla. Í bröttum hlíðum er þó nauðsynlegt að setja þrep. Innan svæðisins verða útsýnispallar, vegvísar og upplýsingaskilti með fróðleik um svæðið, jarðsögu þess, náttúrufrýrbæri og dýralíf.



### 3. Forsendur


#### 3.1. Núverandi landnotkun.

Í Aðalskipulagi Krýsuvíkur 2005-2025 sem er hluti af aðalskipulagi Hafnarfjarðar er Krýsuvíkursvæðið skilgreint sem óbyggt svæði (ÓB). Strandsvæði Krýsuvík (200 m belti meðfram ströndinni) er skilgreint sem hverfisverndarsvæði HVb11 og að svæði HVb12 Umhverfi Selöldu. Hverfisverndarákvæði fyrir bæði svæðin segja að mannvirkjagerð skuli haldið í lágmarki og því eru engar framkvæmdir leyfðar sem spilla jarðmyndunum, gróðri og fuglalífi.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir Krýsuvíkurborg. Markmið nýs deiliskipulags er í samræmi við stefnu og meginmarkmið aðalskipulags Krýsuvíkur um að stuðla að skynsamlegri nýtingu auðlinda og jafnframt að tryggja vernd þess sem er sérstakt í náttúrufari og sögu svæðisins s.s. að:

- o draga fram sérkenni og vaxtarmöguleika einstakra staða og svæða
- o standa vörð um merkar náttúru- og söguminjar
- o kortleggja og skilgreina fjölbreytt gönguleiðakerfi
- o stuðla að betra aðgengi almennings og eflingu ferðapjónustu.

Um leið og aðgengi og öryggi almennings er bætt á svæðinu eru möguleikar í ferðapjónustu eflir. Á sama tíma er umhverfið verndað fyrir ágangi með stýringu gesta um svæðið og upplifun gesta af svæðinu og öryggi bætt.



Mynd 2. Yfirlitsuppráttur af Aðalskipulagi Hafnarfjarðar- Krýsuvík 2013-2025.

Fjölbreyttur hópur fólks fer um Krýsuvíkursvæðið allt árið um kring og hefur ferðamönnum fjölgað verulega undanfarin ár.

### 3.2. Fornminjar.

Krýsuvík var heil kirkjusókn og eitt mesta höfuðból landsins með mörgum hjáleigum. Munnmæli herma að byggðin hafi upphaflega verið í Húshólma, Óbrennishólma í sunnanverðu Ögmundarhrauni. Þar er mjög fornt bæjarstæði sem kallað er Hólmastaður í eldri heimildum. Hjáleigur voru að jafnaði fimm til átta talsins en í gömlum heimildum er getið um 13 býli.<sup>3</sup>

Skipulagssvæðið verður fornleifaskráð að nýju samkvæmt núgildandi stöðlum Minjastofnunar Íslands þar um en heildarskráning fornleifa fór fram á Krýsuvíkurlandinu 1998 (Bjarni F. Einarsson). Þær minjar falla flestar undir friðun vegna aldursákvæðis og eru í aðalskipulag skilgreindar undir hverfisvernd.<sup>4</sup>

### 3.3. Náttúruminjar.

Krýsuvíkurland er allt innan Reykjanesfólkvangs sem friðlýstur var sem fólkvangur árið 1975. Mikið er um jarðhitasvæði og margskonar náttúruminjar innan fólkvangsins. Eldfjöll eru mörg, einkum lágur hraundyngjur og gossprungur. Móbergfjöll og stapar í óteljandi myndum er einkennandi fyrir landslag á svæðinu.

Um fólkvanginn gilda eftirfarandi reglur:

1. Fótgangandi fólk er heimil för um allt svæðið og má ekki hindra slíka för með girðingu nema stigar til yfirferðar séu með hæfilegu millibili. Reiðgötum má ekki loka með girðingum. Þessi ákvæði eiga þó ekki við girðingar um vatnsból og ræktað land enda er umferð óheimil innan slíkra girðinga. Á skógræktargirðingu skulu einungis vera stigar.
2. Allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema leyfi [Umhverfisstofnunar] komi til.

Undanskilin er hagnýting jarðhita, t.d. í Krýsuvík, og mannvirkjagerð í því sambandi, sbr. þó 29. gr. laga nr. 47/1971. Jafnframt verði ekki hagnað þar eðlilegri nýtingu til búrekstrar, réttur til beitar er ekki skertur innan fólkvangsins og áskilinn er í Krýsuvík réttur til starfsemi í almannapágu (svo sem heilsuhæli, skólar, gistihús o. þ. u. l.). Skipulegur námurekstur, sem rekinn er innan fólkvangsins þegar auglýsing þessi verður birt í Stjórnartíðindum, má þó haldast, enda sé umgengni í samræmi við 18. gr. laga nr. 47/1971.

Í aðalskipulag Krýsuvíkur 2005-2025 eru Krýsuvíkurland hverfisverndað vegna náttúruminja. Hverfisverndarákvæði er eftirfarandi:

Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki og því eru engar framkvæmdir leyfðar sem spilla jarðmyndunum, gróðri og fuglalífi. 200 metra belti meðfram ströndinni. Sjá nánari umfjöllun í sérstökum kafla um Krýsuvík

<sup>3</sup> <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=03635453507626734644>

<sup>4</sup> <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=03635453507626734644>  
bls. 66

#### 4.1. Verklag og tímaáætlun.

Landið er í eigu Hafnarfjarðarbæjar og er innan Reykjanesfólkvangs. Hafnarfjörður fer með skipulagsvald á svæðinu og annast gerð deiliskipulagsins í samráði við Reykjanesfólkvang.

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

**Desember 2018:** Skipulagslýsing fyrir nýtt deiliskipulag Krýsuvíkurbergs auglýst með áberandi hætti og gerð aðgengileg á heimasíðu Hafnarfjarðar.

**Mars 2019:** Afgreiðsla bæjarstjórnar á deiliskipulagstillögu vegna heimildar til auglýsingar.

**Apríl - maí 2019:** Auglýsing deiliskipulagstillögu (6 vikur).

**Júní - ágúst 2019:** Samþykkt deiliskipulags í nefnd og bæjarstjórn.

**Ágúst 2019:** Samþykkt deiliskipulag sent Skipulagsstofnun (2 vikur).

**September 2019:** Gildistaka deiliskipulagsins auglýst.

#### 4.2. Kynning og samráð.

Verklag deiliskipulagsins miðar að því að það sé opið og unnið í nánú samstarfi við hagsmunaaðila. Samráð verður haft við Skipulagsstofnun og aðrar stofnanir sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins vegna lýsingar á skipulagsverkefni. Skipulagslýsing þessi verður auglýst á netinu og aðgengileg fyrir hagsmunaaðila og íbúa. Samráð verður haft við eftirfarandi umsagnaraðila á eða fyrir auglýsingartíma aðalskipulagsbreytingarinnar.

- Samráð verður haft við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar.
- Samráð verður haft við Umhverfisstofnun.
- Samráð við Reykjanesfólkvang og Reykjanes Jarðvagn (Geopark).
- Samráð verður haft við Minjastofnun Íslands.
- Samráð við sveitarfélög sem standa að Reykjanesfólkvangi;
  - Reykjavík
  - Seltjarnarnes
  - Kópavogur
  - Garðabær
  - Grindavík
  - Reykjanesbær
  - Sveitarfélagið Vogar

Ef þörf reynist á að hafa samráð við fleiri aðila verður það gert.

#### **4. Heimildaskrá.**

Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, Krýsuvík .

Agnes Stefánsdóttir 2008. Fornleifaskráning fyrir Krýsuvík-Trölladyngju

Bjarni F. Einarsson 1998, Krýsuvík, fornleifar og umhverfi.

Hafnarfjarðarbær 2012. Umsókn í framkvæmdasjóð ferðamannastaða 2012

Heimasíða Umhverfisstofnunar, [www.ust.is](http://www.ust.is)

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Lög um náttúruvernd nr.44/1999.

Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Skipulagslög nr. 123/2010.